

Skólaráðsfundur, 15. mars 2021

Haldinn í sal Gamla skóla kl. 16.15

Mættir; Ágústa Berg fulltrúi leikskólastarfsfólks, Guðrún Ásta fulltrúi grunnskólakennara, Guðrún Vilborg fulltrúi almenns starfsfólks, Hanna Christel fulltrúi foreldra grunnskóla, Katla Rut Pétursdóttir fulltrúi foreldra leikskóla, Linda Rós Vest fulltrúi nemenda og Þórunn Hrund skólastjóri.

1. Lögð fram drög að skóladagatölum næsta vetrar. Helstu breytingar frá fyrri árum er að næsta vetur er gert ráð fyrir sameiginlegum starfsdegi í öllum grunn- og leikskólum Múlapings. Töluverð umræða er í sveitarfélaginu um hvort lengja eigi sumarlokun leikskólanna í 5 vikur í stað 4. Ekki hefur þó verið tekin nein ákvörðun um það.
2. Ástand leikvalla. Ástandið á leikvöllunum hér á Seyðisfirði er ekki nógu gott þar sem viðhaldi hefur ekki verið sinnt sem skyldi. Fyrir stuttu síðan slitnaði róla á leikvelli leikskólans sem má rekja til skorts á viðhaldi. Brugðist var við atvikinu hratt og vel en ljóst er að betur má ef duga skal. Foreldrafélagið hefur sent erindi til fjölskylduráðs vegna ástands leikvallanna.
3. Lausar kennslustofur. Enn er ekki kominn botn í skólastofumálin. Verið er að skoða hvaða möguleikar eru í stöðunni út frá því fjármagni sem áætlað var í húsnæði skólans. Búið er að boða fund í vikunni með skólastjórnendum, fræðslustjóra, yfirmanni eignasjóðs og framkvæmda- og umhverfismálastjóra þar sem á að taka endanlega ákvörðun um hvaða framkvæmdir verður farið í á þessu ári.
4. Erindi frá foreldrafélaginu.
 - Fyrirspurn um hvort til séu rýmingaráætlanir vegna náttúruhamfara og ef svo er ekki hvort ekki sé þörf á að gera slíkar áætlanir.

Skólastjóri upplýsir að slík áætlun sé ekki til en það sé í farvatninu að gera slíka áætlun og þá mögulega í samráði við Almannavarnir.

- Kallað eftir hugmyndum um verkefni á vorverkadegi.

Allir leggja höfuðin í bleyti og senda hugmyndir á Hönnu Christel.

- Grænfáni er það eitthvað sem við viljum að Seyðisfjarðarskóli innleiði?

Ekki rétti tíminn að fara í það akkúrat núna þar sem af nógu er að taka eins og stendur. Allir mjög jákvæðir fyrir verkefninu og sjálfsagt að skoða það aftur næsta vetur hvort vilji sé fyrir hendi að fara í það verkefni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.43.

Þórunn Hrund Óladóttir